

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Valgreinar Skólaárið vor 2023 Námslýsingar



Hugrökku ❤️ er ekkert ómögulegt



Val í 8. – 10. bekk

Kæri nemandi.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur á unglingastigi fái 37 kennslustundir á viku eða 1480 mínútur alls. Þær skiptast í 33 stundir í kjarnagreinum og 4 stundir í valgreinum. Markmiðið með vali er að gefa nemendum tækifæri til þess að velja viðfangsefni í tengslum við áhugasvið, styrkleika og framtíðaráform eftir því sem hægt er.

Nemendur velja sér nú valgreinar fyrir vorönn.

Í þessum bæklingi eru valgreinarnar kynntar og biðjum við ykkur um að lesa kynningarnar vel yfir. Valgreinar eru kenndar annars vegar á þriðjudögum og hinsvegar á fimmtudögum.

Skólahreysti verður kennd áfram einn tíma á viku á miðvikudögum fram að keppni og Nemendaráð starfar sem fyrr einnig á miðvikudögum.

Með kveðju,
Ásta

Valgreinar kenndar á þriðjudögum frá kl. 13:25-14:45.

Hönnun og smíði

Unnið verður að skapandi verkefnum sem tengjast hönnunarferli og smíðum. Verkefni verða margvísleg allt frá því að útskýra hugmyndir sínar með fríhendis- og grunnteikningu ásamt því að vinna eftir verkáætlun og vinnuteikningum. Lagt verður upp úr samvinnu, jákvæðni, vinnusemi og vandvirkni.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Heimilisfræði

Heimilisfræðin á að auka sjálfstæði nemenda í heimilisstörfum og vera þjálfun í að vinna með öðrum. Nemendur læra að elda og baka eftir uppskriftum, einnig meðhöndlun matvæla og mikilvægi hreinlætis, ásamt því að læra næringar- og heilsufræði.

Markmið

- Að geta skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með hagkvæmni og nýtni að leiðarljósi.
- Að geta sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.
- Að geta tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tekið ábyrgð á eigin heilsu.
- Að vita um mikilvægi hreinlætis og meðferð matvæla.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Undirbúningur fyrir Grease

Við ætlum að setja upp söngleikinn Grease á árshátíðinni í vor. Í þessu vali verður uppsetning söngleiksins undirbúin. Nemendur fara í gegnum lögin og æfa þau, rýna í búninga og hefja leit að þeim og hanna leikmynd. Nemendur verða leikstjóra innan handar við uppsetningu, æfingar og tæknimál.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Skólasel

Nemendur vinna undir stjórn starfsmanna Skólasels við ýmis störf sem til falla. Áhersla er lögð á virkni og frumkvæði.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Valgreinar kenndar á miðvikudögum frá kl. 14:05-14:45.

Skólahreysti

Nemendur æfa sig í þeim þrautum sem keppt er í í Skólahreysti og þroska andlegt og líkamlegt atgervi samhliða því að efla félagsleg samskipti. Skólahreysti er uppskrift að heilbrigðum lífsstíl, þar sem allir geta tekist á við einfaldar og skemmtilegar þrautir, þar sem æfing og einurð skilar árangri. Þetta val er kennt á miðvikudögum fram að Austurlandsriðli Skólahreystikeppninnar. Þetta val er eingöngu fyrir þá sem eru tilbúnir til að leggja hart að sér og hugsanlega keppa fyrir hönd skólans.

Markmið.

- Að auka hreysti nemenda og undirbúa þá undir Austurlandsriðil Skólahreystikeppninnar.

Námsmat

Vinnusemi og áhugi í tímum liggur til grundvallar í námsmati.

Nemendafélag Grunnskóla Reyðarfjarðar

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar er starfrækt nemendafélag sem er skipað nemendum í 8. – 10. bekk. Hlutverk nemendafélagsins er að skipuleggja og hafa yfirumsjón með félagslífi nemenda og gæta hagsmuna þeirra. Stjórn nemendafélagsins er kosin af nemendafélaginu og skipar stjórnin nemendaráð sem er áheyrnarfulltrúi í skólaráði. Nemendafélagið fundar vikulega. Það stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum fyrir unglíngastigið á skólaárinu og einnig fyrir yngri nemendum.

Markmið.

- Að styrkja færni nemenda til að taka þátt í félagsstörfum og um leið hæfni þeirra til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi.
- Geti tjáð skoðanir sínar af öryggi og unnið með öðrum að þroskandi viðfangsefnum.
- Bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd viðburða.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Valgreinar kenndar

á fimmtudögum frá kl. 13:25-14:45.

Heimilisfræði (aðeins fyrir 8. bekk)

Heimilisfræðin á að auka sjálfstæði nemenda í heimilisstörfum og vera þjálfun í að vinna með öðrum. Nemendur læra að elda og baka eftir uppskriftum, einnig meðhöndlun matvæla og mikilvægi hreinlætis, ásamt því að læra næringar- og heilsufræði.

Markmið

- Að geta skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með hagkvæmni og nýtni að leiðarljósi.
- Að geta sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.
- Að geta tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tekið ábyrgð á eigin heilsu.
- Að vita um mikilvægi hreinlætis og meðferð matvæla.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Mynd segir meira en þúsund orð (aðeins fyrir 8. bekk)

(Listasmiðja – Myndasögur/skopmyndir)

Listasmiðjan er skapandi, eflandi, öruggur og kröftugur staður til sköpunar, tjáningar, tilrauna og frelsis.

Hvað eru myndasögur og hver er munurinn á skopmynd og myndasögu?

Í smiðjunni skoðum við hinar ýmsu gerðir myndasagna. Allt frá Huggleiki Dagssyni til Manga, íslenskt og erlent. Nemendur fá síðan tækifæri til þess að

skissa, prófa og þróa sína/r eigin persónur og gefa þeim rými til tjáningar í formi myndasagna eða skopmynda.

Grunnurinn verður blýantur, blað og ímyndunaraflið en frelsið til að stækka verkin er óendanlegt.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Ljósmyndaval (aðeins fyrir 9. og 10. bekk)

Í ljósmyndavali ætlum við að læra grundvallaratriði í ljósmyndun, helstu stillingar myndavéla og hvernig við nýtum okkur myndvinnsluforrit. Förum í Stafræn ljósmyndun og hvernig hægt er að nota ljósmyndun á skapandi hátt til að túlka nærumhverfi okkar. Við vinnum með sköpun, hvernig við minnkum/stækkum myndi og breytum þeim eftir þörfum.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Bolti, spaði, kylfa, skák og spil (aðeins fyrir 9. og 10. bekk)

Valið skiptist í eftirfarandi verkefni:

- Boltaval (5 vikur)

Boltaval þar sem fótbolti, blak og körfubolti er æfður til skiptis.

- Golf (2 vikur)

Nemandinn tileinki sér undirstöðuatríði golfíþróttarinnar, t.d. hvernig á að halda á kylfu o.fl.

- Badminton (2 vikur)

Farið yfir leikreglur í einliða- og tvíliðaleik. Síðan spilað.

- Skák (2 vikur)

- Stutt kynning á sögu skáklistarinnar. Kenndur manngangurinn. Þeir sem eru lengra komnir tefla innbyrðis.
- Félagsvist (2 vikur)

Farið yfir reglur og síðan spilað heilt eða hálf tefjal.

- Monopoly (1 vika)

Farið yfir reglur og síðan spilað.

- Pöbkkviss (1 vika)

Farið yfir reglur og síðan spilað.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Verkefnavinna/heimanáám/kjarnatími (aðeins fyrir 9. og 10. bekk)

Í þessu vali gefst nemendum tækifæri til að vinna að verkefnum sem þeir eru að vinna að í skólanum og þurfa meiri tíma til að ljúka. Eins gefst þeim tækifæri til að fá aðstoð við heimanám.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Skólasel (aðeins fyrir 9. og 10. bekk)

Nemendur vinna undir stjórn starfsmanna Skólasels við ýmis störf sem til falla. Áhersla er lögð á virkni og frumkvæði.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.